



## **Aukaaðalfundur Listasafns Árnesinga bs. haldinn í Rauða Húsinu á Eyrarbakka 14. apríl 2026**

### **Dagskrá aukaaðalfundar (vorfundur).**

Aukaaðalfundur Listasafns Árnesinga bs. er haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka þriðjudaginn 14. apríl 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum.

#### **1. Fundarsetning (kosning fundarstjóra og fundarritara)**

Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður stjórnar Listasafns Árnesinga bs., setur fundinn kl. 11:15 og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Formaður leggur til að Arna Ír Gunnarsdóttir verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

Fundarstjóri flytur góðar kveðjur frá Kristínu Scheving, safnstjóra Listasafns Árnesinga bs., til fundarmanna en hún er vant við látin.

#### **2. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs**

Arna Ír flytur skýrslu stjórnar. Ræðir hún um safnbúðina sem skipar mikilvægan sess í safninu. Þar er margt í boði og fallegar vörur, m.a. er til sölu te sem ræktað er í garðinum við listasafnið. Farskóli safnafólks var haldinn í Árnessýslu sl. haust en um 160 aðilar tóku þátt og þótti takast vel. Pólskir menningardagar voru haldnir í safninu með fjölbreyttri dagskrá, viðburðir voru vel sóttir og var mikil ánægja meðal þátttakenda.

Ræðir hún um mikilvægi samstarfs við Hveragerðisbæ um Varmahlíð en bæði listamenn og gestakennarar hafa nýtt sér gistingu í húsinu.

Fer hún yfir sýningar sem haldnar voru á safninu á síðasta ári. Þær eru vel sóttar og hafa allt að 1.200 manns verið á opnunum á sýningum.

Það er mikið fræðslustarf í gangi í safninu og eru bæði innlendir og erlendir skólahópar að sækja það. Einnig hefur verið haldið mikið af námskeiðum og smiðjum, tónleikar og útgáfuhóf, t.d. á nýjum bókum, og er þetta allt vel sótt. Sýnir hún myndir frá viðburðum.

Það var afar gleðilegt og mikil viðurkenning fyrir safnið að Finnbogi Pétursson skyldi hljóta íslensku myndlistarverðlaunin fyrir sýningu sína Skjálfta í Listasafni Árnesinga. Óhætt er að segja að þetta hafi verið mikill heiður fyrir safnið.

Fundarstjóri gefur orðið laust og til máls taka Grétar Ingi Erlendsson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Jón Bjarnason og Arnar Freyr Ólafsson.

### **3. Ársreikningur 2025**

Arna Ír fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Fundarstjóri gefur orðið laust og til máls taka Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Arnar Freyr Ólafsson og Fjóla St. Kristinsdóttir.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

### **4. Fundargerðir stjórnar og haustfundar lagðar fram til kynningar**

Arna Ír fer yfir fundargerðir stjórnar frá 27. janúar og frá 20. mars sem eru lagðar fram til kynningar.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Gert er fundarhlé kl. 11:40. Fundi er framhaldið kl. 12:20.

### **5. Þakviðgerð á húsnæði safnsins**

Á fundi stjórnar 20. mars sl. var samþykkt tilboð frá Selja-gluggum ehf. þar sem skipt verður um sjö þakglugga og lagði stjórn til við aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins að leggja fram fé til framkvæmdanna.

Gert er ráð fyrir fjármunum í framkvæmdir í fjárhagsáætlun og því þurfa sveitarfélög ekki að leggja fram viðbótarfé í framkvæmdirnar en sveitarfélög verða rukkuð eftir framvindu verksins.

Fundarstjóri gefur orðið laust og til máls tekur Árni Eiríksson.

### **6. Önnur mál**

Engin.

Fundi slitið kl. 12:28

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð  
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg  
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg  
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg  
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg  
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg  
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg  
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur  
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi  
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð  
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur  
Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi  
Árni Eiríksson, Flóahreppur  
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði  
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði  
Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður  
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari.